

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Akureyri, 20. október 2021
UST202103-084/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófanir á fimm lögnum Skeljungs ehf., nr. P20515, P20115, P20420, P33015 og P20705 í birgðastöðinni í Krossanesi, Akureyri

Umhverfisstofnun bárust þann 20. september sl. niðurstöður þrýstiprófunar á fimm eldsneytislögnum í olúbirgðastöðinni í Krossanesi, Akureyri, nr. P20515, P20115, P20420, P33015 og P20705. Lagnirnar eru DN100 lestunarlagnir sem liggja frá dæluhúsi að afgreiðslupalli.

Forstöðumaður tækniþjónustu Skeljungs framkvæmdi prófun lagnanna. Prófunin fór fram daganna 10.-24. september 2020. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, yfir 10 bör og prófað var í fjórar klst. Prófað var með bensíni, gasolíu, AGO og MGO. Þrýstingsbreytingar voru skráðar á um 30 mínútna fresti. Veður var gott á meðan prófun stóð.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófanir. **Lögnin stóðst prófanirnar.**

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögnum. Þrýstiprófa skal að lágmarki á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri